

Dags. fundar: 10. maí 2012	Tími: 17.15	Nr. fundar: 21
Fundarboðari: Svanhvít Jóhannesdóttir.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. ÍM50 – frágangur
2. FINA ráðstefna dómara í Tokyo.
3. Alþjóðlegir dómara
4. Dómaranámskeið.
5. Endurmenntungarnámskeið.
6. Mót framundan.
7. IGLA.
8. Önnur mál.
 - a. Keppendalisti móta..
 - b. Fleiri í nefndina.

Viðstaddir: Svanhvít G. Jóhannesdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsdóttir, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Steinunn R.Einarsdóttir.

Boðuð forföll: Ragnhildur Guðjónsdóttir.

Dagskrá:

1. Skoða þarf ýmis atriði sem komu í ljós á ÍM50. Er þar bæði um að ræða frágang eftir mótið og atriði tengd mótshaldinu. S.s. hver tekur niður auglýsingar o.þ.h., klæðnað starfsmanna (ekki dómara) og ýmislegt sem hefði mátt fara betur.
2. Ólafur sagði frá FINA ráðstefnu sem hann sat í Tokyo 12.-15. apríl sl. Mest var rætt þar um túlkun á SW7 (bringusund) reglunni sem gefin var út 14. mars. Einnig var hlutverk ræsa og yfirdómara rætt. Ólafur fékk ekki að sitja sem áheyrandi á þeim hluta ráðstefnunnar sem snéri að sunddómurum sem starfa munu á Olympíuleikunum í London. Nánar er sagt frá ráðstefnunni á slóðinni http://www.fina.org/H2O/index.php?option=com_content&view=article&id=2838:fina-world-swimming-officials-seminar-is-a-success-in-tokyo&catid=44:external-article&Itemid=179
3. Haraldur Hreggviðsson og Svanhvít sem yfirdómarar og Gústaf A. Hjaltason og Jón Kr. Magnússon sem ræsar eru á FINA lista #15 (01.01.2009-31.12.2012), Ólafur og Birna Björnsdóttir sem yfirdómarar og Gunnlaugur og Klemenz Sæmundsson sem ræsar eru á FINA lista #16 (01.01.2011-31.12.2014) en sækja þarf fljótlega um fyrir fleiri þar sem listi #15 er að renna sitt skeið. Þrátt fyrir að mjög fróðlegt sé að til landsins komi alþjóðlegir dómara á þau mót sem þurfa alþjóðlega dómara má samt ekki líta framhjá íslenskum alþjóðlegum dómurum þegar kemur að því að manna þannig mót. Ólafur var beðinn um að mæta á EMU í Antwerpen 4.-8. júlí n.k. og hefur það verið samþykkt.
4. Enn biðja félög um að dómaranámskeið séu haldin í tengslum við mót þeirra. Fyrir næsta fund nefndarinnar mun atburðardagatal SSÍ fyrir sundárið 2012-2013 liggja fyrir og mun nefndin ákvarða dómaranámskeið í tengslum við stærri félagamótin, Ægismót, Ármannsmót og Fjölnismót. Verða þau námskeið tilkynnt til sundfélaga og þau hvött til þátttöku sinni félagsmanna.

5. Nefndin vill endilega halda endurmenntunarnámskeið fyrir dómara áður en núverandi sundári lýkur. Yrði það námskeið í fyrirlestrarformi en enn á eftir að finna því stað í dagskránni til vors.
6. Næstu mót eru Landsbankamót ÍRB í Reykjanesbæ 11.-13. maí. Björn er búinn að fara yfir skráningar fatlaðra á mótinu og leiðrétta það sem þarf. Helgina 19.-20. maí verður haldið mót hjá Ösp í Reykjavík og einnig Vormót Breiðabliks. Akranesleikarnir verða síðan haldnir 2.-3. júní. Ollamót Fjölnis 9.-10. júní og AMÍ 21.-24. júní.
7. IGLA á Íslandi verður haldið 30.maí – 2. júní. SSÍ skipuleggur mótið í samvinnu við Styrmi íþróttafélag og mun Gunnlaugur sjá um skráningar dómara. Svanhvít verður yfirdómari á mótinu. Félagar í Styrmi hafa setið mót í tæknibúri og fleiri stöðum til að læra mótahald. Svanhvít, Gunnlaugur o.fl. úr DMT-nefnd munu hitta Styrmis-félaga í næstu viku til að fara yfir lokafráganginn.
8. **a.** Óskað er eftir að mótshaldarar sendi yfirdómara mótanna keppendalista þeirra þegar hann er tilbúinn.
- b.** Bjóða þarf fleiri dómurum að koma til starfa í DMT-nefndinni.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Fundur með Tómasi – Styrmi íþróttafélagi v/IGLA	SJ	Næsta vika.

Fundi slitið kl: 18.35

Næsti fundur: miðvikudaginn 30. maí 2012 kl. 17.15.